

Tillaga
Afgreiðsla

A 1986/UKK
Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit um landsdeildartillögu um PISA-könnun (A 1986/UKK)

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að stofnað verði norrænt samstarfsnet um menntamál sem veiti menntamálaráðherrum Norðurlandanna aðstoð með þekkingu á aðgerðum til að bæta námsárangur nemenda. Sérstök áhersla skuli lögð á bætta les- og orðskilning nemenda.

Forsendur

Norræna þekkingar- og menningarnefndin tók landsdeildartillögu um PISA-rannsóknina til fyrstu umræðu á fundi sínum í apríl. Nefndin ákvað að vinna áfram með tillöguna, en vildi þó ekki að hún yrði of víðtæk og kostnaðarsöm.

Eftir fundinn hafði skrifstofan samband við deild menntamála og rannsókna á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar til að kynna sér hvernig unnið er að þessum málum.

Svías gegna formennsku í Norrænu ráðherranefndinni 2024 og hafa lagt áherslu á að grafast fyrir um ástæður fyrir hrakandi niðurstöðum PISA-rannsókna og hvernig bæta megi úr því.

Um þetta var fjallað sérstaklega á fundi ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U) þann 3. maí 2024. Einkum var rætt um aðgerðir til að efla áhuga ungs fólks á svonefndum STEM-greinum (raunvísindum, tækni, verkfræði og stærðfræði) á öllum menntastigum.

Á fundinum ræddu ráðherrarnir einnig hvaða þætti málsins bæri að vinna áfram með á norrænum vettvangi. Menn voru á einu máli um að sameiginlegar áskoranir landanna væru margslungnar vegna hrakandi niðurstaðna PISA-prófanna. Einnig var rætt um áskoranir sem endurspeglast í samstarfsáætlun MR-U 2025-2030, og EK-U og skrifstofa Norrænu ráðherranefndin geta unnið áfram með í væntanlegum starfsáætlunum með samnorrænum aðgerðum.



Varðandi aukinn áhuga á STEM-greinunum sérstaklega, ræddi MR-U, að frumkvæði sænsku formennskunnar, hvort áhugi væri á að semja samnorræna STEM-stefnuáætlun.

Formennskulandið Svíþjóð bauð til málþings um niðurstöður PISA-prófanna á Norðurlöndum þann 24. maí í Stokkhólmi en upptaka frá málþinginu er aðgengileg á netinu.¹

Þegar þetta er skrifað hefur ekki verið ráðist í neinar aðgerðir eftir málþingið, en skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar (NMRS) greinir frá því að greinilegur stuðningur sé við að fjalla áfram um PISA-niðurstöðurnar. Skrifstofan bendir á að áður hafi verið gefnar út skýrslur um norrænu niðurstöðurnar, t.d. í ritunum „Northern Lights on PISA“.

Skipaður var norrænn hópur sérfræðinga frá menntamálayfirvöldum landanna, sem hafa umsjón með matsstarfinu, og komu með tillögur að umfjöllunarefnum Northern Lights-ritanna.

Skrifstofan sér fyrir sér að hægt verði að virkja þennan sérfræðingahóp á ný í tengslum við nýjustu PISA-rannsóknina. PISA er einnig á dagskrá vinnuáætlun nýju samstarfsáætlunarinnar fyrir 2025-2027.

Sjónarmið nefndarinnar

Norrænu þekkingar- og menningarnefndinni er mikil ánægja að geta staðfest að Norræna ráðherranefndin um menntun og rannsóknir, einkum Svíar sem gegna formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2024, hefur ákveðið að grafast fyrir um ástæður fyrir hrakandi niðurstöðum PISA-prófanna og hvernig megi ráða bót á því. Nefndin styður áframhaldandi vinnu og samnorrænar aðgerðir til að bregðast við lökum niðurstöðum.

Við afgreiðslu landsdeildartillögunnar lagði nefndin áherslu á að tillagan verði ekki of víðtæk og kostnaðarsöm. Nefndin leggur því til breytingu á texta ákvörðunarinnar.

Lagt er til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að „stofnað verði norrænt samstarfsnet um menntamál sem veiti menntamálaráðherrum Norðurlandanna aðstoð með þekkingu“ en í upprunalegu tillögunni var lagt til að Norðurlandaráð beindi þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að „koma á fót

¹ Sjá YouTube-rás sænsku formennskunnar: <https://www.youtube.com/playlist?list=PLwzeBizrSx3bsYZebFK8gbtWN-FcoqAH->



ráðgjafarnefnd sérfræðinga á sviði menntamála til að leiðbeina menntamálaráðherrum Norðurlandanna".

Mariuhöfn, 17. september 2024

Kirsti Leirtrø (A)

Lars Mejern Larsson (S)

Per Husted (S)

Pinja Perholehto (sd)

Catarina Deremar (C)

Kathrine Kleveland (Sp)

Noora Fagerström (saml)

Ville Väyrynen (saml)

Timo Furuholm (vänst)

Victoria Tiblom (SD)

Helge André Njåstad (FrP)